

## AUGLÝSING

28

22. marz

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942,  
fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47/1942, fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skylt er öllum skrásettum stúdentum að ganga undir berklarannsókn á hverju ári eftir tilvísun rektors. Enn fremur skal læknisskoðun fara fram á hverjum stúdent, sem æskir skrásetningar, og verður sú skoðun framkvæmd stúdentum að kostnaðarlausu af lækni þeim, er háskólaráð ræður til þess. Skylt er hverjum stúdent að láta skoða sig með sama hætti í byrjun þriðja námsárs.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 22. marz 1950.*

Björn Ólafsson.

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

29

4. apríl

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forsetinn, herra Sveinn Björnsson, hefur tekið sér hvíld frá störfum um stundarsakir og mun dvelja erlendis nokkrar vikur. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 4. apríl 1950.*

Steingrímur Steinþórsson.

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

30

14. apríl

um samkomulag, er gert var í Reykjavík 24. nóvember 1949  
milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um nokkur  
atriði varðandi sölu íslenzkra afurða til Hollands.

Hinn 24. nóvember 1949 var gengið frá samkomulagi milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um eftirfarandi atriði:

1. Um afhendingartíma fyrir eftirstöðvar af hraðfrystum fiski, er seldur var til Hollands með samningi, dags. 15. desember 1948, milli Stichting Voedselvoorziening Import Bureau, Haag, og viðskiptadeildar utanríkisráðuneytisins. Enn fremur var samið um geymslugjald fyrir fiskinn.